



## Gjaldskrá félagsheimila

### Árblik - Dalabúð – Staðarfell - Tjarnarlundur

Dalabyggð

Gildir frá 1. janúar 2022

	Dalabúð	Árblik	Tjarnarlundur	Staðarfell	
<b>Almennir dansleikir eða sólahringsleiga vegna samkomu / viðburðar - aðgangur að eldhúsi innifalinn:</b>					
Stór salur	95.403	95.403	x	x	
Allt húsið	148.649	148.649	95.403	74.960	
<b>Þorablót, árshátíðir og aðrar sambærilegar samkomur á vegum félagasamtaka í Dalabyggð:</b>					
Verð á seldan miða	681	681	681	681	Lágm. kr.74.960, Staðarfell kr.54.516
<b>Veislur og einkasamkvæmi - aðgangur að eldhúsi innifalinn:</b>					
Lítill salur	40.887	x	34.073	x	
Stór salur	61.331	61.331	x	x	
Allt húsið	95.403	88.589	61.331	47.702	
<b>Leiksýningar, tónleikar og aðrir menningartengdir viðburðir - ekki aðgangur að eldhúsi:</b>					
< 80 manns	27.258	27.258	27.258	27.258	
> 80 manns	47.702	47.702	47.702	47.702	
Eldhús (með sal)	6.815	6.815	6.815	6.815	
<b>Helgarleiga - aðgangur að eldhúsi innifalinn:</b>					
Lítill salur	68.145	x	54.516	54.516	
Stór salur	136.175	136.175	x	x	
Allt húsið	163.433	163.433	136.175	102.102	
<b>Fundir og námskeið:</b>					
Lítill salur	17.036	x	17.036	13.629	
Stór salur	34.073	34.073	x	x	
Allt húsið	47.702	47.702	34.073	27.258	
Eldhús (með sal)	6.815	6.815	6.815	6.815	
<b>Annað:</b>					
Tjaldstæði	x	x	1.265	x	Frítt fyrir yngri en 12 ára
Tjaldstæðarafmagn	x	781	x	x	pr. sólarhring
Félagsstarf	6.815	6.815	6.815	6.815	eða skv. samningi/samkomulagi.

Ekki er heimilt að gista í félagsheimilunum og eru þau ekki leigð til þeirra nota.

Heimilt er að víkja frá gjaldskrá ef áhugamannafélög og stofnanir sveitarfélagsins eiga í hlut og veita allt að 50% afslátt. Þó skal gjald aldrei vera lægra en sem nemur kostnaði við ræstingu.

Ekki er rukkuð húsaleiga vegna fjáröflunarviðburða skóla eða félagassamtaka í heimabyggð (á ekki við um dansleiki). Greiða skal kostnað við ræstingu.

Leigjendur sjá sjálfir um allt er viðkemur dansleikjahaldi s.s. skemmtanaleyfi, dyravörslu og annað.

Leigutaki annast sjálfur alla uppröðun og frágang. Eftir viðburð skal þurrka af borðum, raða upp borðum og stólum og sópa eða ryksuga gólf. Sé eldhús leigt með skal leigutaki þvo upp, þrifa og ganga frá öllum eldhús- og borðbúnaði sem notaður var (eldavél, ofn, kælir, leirtau, hnífapör ofl.), þ.e. skilar húsinu eins og hann tók við því. Ekki þarf skúra gólf né þrifa salerni. Uppröðun á borðum og stólum skal vera eins og komið er að húsinu, nema um annað sé samið við húsvörð. Leigjendur fjarlægja sorp úr húsinu, hreinsa rusl utandyra og koma öllu rusli flokkuðu í næstu sorptunnur. Ef ekki er gengið frá í samræmi við framangreint bætist 15% álag við leigugjaldið.

STEF gjöld koma til viðbótar leigugjaldi og eru rukkuð af seldum miðum skv. gjaldskrá STEFs. Skrifstofa Dalabyggðar innheimtir. Sveitarfélagið sendir út greiðsluseðla vegna leigu. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Í Dalabúð er starfsemi á vegum Auðarskóla, sjá sérákvæði hér fyrir neðan vegna þess.

### **Sérákvæði um leigu á Dalabúð:**

#### Mötuneyti:

- Hverfi áhöld eða búnaður úr eldhúsi og komi ekki í leitirnar er leigutaki ábyrgur og getur vænst sektar fyrir.
- Leigutaka er ekki heimilt að notfæra sér matvöru sem skólamötuneytið á. (Á við um allar matvörur í búi, kælum og frysti; eins og olíu, hveiti, kaffi, mjólk og krydd)
- Leigutaka er ekki heimilt að notfæra sér vörur sem skólamötuneytið á. ( Á við um kaffipoka, filmur yfir mat, bréþpurkur, sorppoka og fl.)
- Að öll áhöld séu í eldhúsi að lokinni leigu en ekki enn í notkun annarstaðar t.d. bakkar, skálar og fl. sem matur er fluttur burtu úr húsin með og á svo að skila síðar.
- Skólinn er með starfssemi til kl. 8.00 - 16.00 mán. – fim. og til 8.00 - 14.30 á föstudögum. Húsið er ekki leigt á þessum tímum nema með umsömdum undantekningum.

#### Tónlistarskóli:

- Húsnæði tónlistardeildar Auðarskóla fylgir ekki útleigu á Dalabúð samkvæmt samningi þessum.
- Hljóðfæri sem tónlistardeild Auðarskóla á fylgir ekki útleigu á Dalabúð samkvæmt samningi þessum.
- Hljóðkerfi, míkrafónar, snúrur og fl. sem tónlistardeild Auðarskóla á fylgir ekki í útleigu á Dalabúð samkvæmt samningi þessum.

#### Búningsherbergi:

- Búningsherbergi fylgir ekki með í útleigu. Sé gert sérstakt samkomulag um útleigu búningsklefa þarf að skila þeim fullþrifnum fyrir mánudagsmorgun ef útleiga er á skólatíma.

Samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar, xx. desember 2021

Búðardal, xx. desember 2021

---

Kristján Sturluson  
sveitarstjóri